



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

538. stjórnarfundur 27. febrúar 2020. kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Fjarverandi: Björg Hafsteinsdóttir.

1. Skipting stjórnar

Einar Haraldsson formaður lagði til eftirfarandi skiptingu: Kári Gunnlaugsson varaformaður, Garðar Már Newman gjaldkeri, Eva Björk Sveinsdóttir ritari, Birgir Már Bragason meðstjórnandi. Varamenn eru Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir.

Tillagan var samþykkt.

Ákveðið var að ný stjórn færi í myndatöku.

Ákveðið var bjóða fráfarandi stjórnarmönnum í kvöldverð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

3. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá ÍSÍ um skráningu raunverulegra eiganda fyrir félagið. **Mótttekið.**

Tölvupóstur frá Krabbameinsfélaginu „*Karlahlaup í mottumars*“. **Mótttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ. Framkvæmdstjórahittingur verður 13. mars 2020. Einar Haraldsson og Jónas Guðni Sævarsson ætla að mæta. **Mótttekið.**

Viðskiptayfirlit frá Landsbanka Íslands. **Mótttekið.**

Tölvupóstur frá ÍSÍ um erlend veðmálafyrirtæki. ÍSÍ varar við þeim. **Mótttekið.**

Tölvupóstur frá fimleikadeild með tilkynningu um ráðningu rekstrarstjóra. Halldóra Hreinsdóttir var ráðin í starfið. **Mótttekið.**

Tölvupóstur frá æskulýðsvettvangnum. Leiðbeiningar um vinnu vegna stefnu um verndun og velferð barna (KSÍ). Einar Haraldsson óskaði eftir þessu. **Mótttekið.**

4. Send bréf

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda um erlend veðmálafyrirtæki sem ÍSÍ varaði við.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda vegna skila á RSK eyðublaði 17.30. Skil um hverjir skipa stjórnir deilda.

5. Aðalfundur félagsins

Aðalfundurinn fór fram 17. febrúar. Sigurður Garðarsson var fundarstjóri og Bjarney S.

Sævarsdóttir fundarritari. Einar Haraldsson var endurkjörinn formaður. Þórður Magni Kjartansson og Bjarney S. Snævarsdóttir fóru úr stjórn og inn komu Garðar Már Newman og Björg Hafsteinsdóttir.

Þórður Magni Kjartansson og Bjarney S. Sævarsdóttir voru heiðruð með gullheiðursmerki Keflavíkur. Guðmundur Sigurðsson hlaut starfsbikar Keflavíkur. Sigurþór Sævarsson og Stefanía Kristjánsdóttir voru sæmd starfsmerki UMFÍ.

6. Nýr starfsmaður

Auglýst hefur verið starf íþróttastjóra Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags. Fimm umsóknir eru komnar um starfið en umsóknarfrestur er til 29. febrúar 2020.

7. Skipting í nefndir

Nefnd um nýja heimasíðu og framtíðarnefnd. Sveinbjörg verður fulltrúi aðalstjórnar í heimasíðunefnd og Birgir, Garðar og Eva í framtíðarnefnd. Óskað verður eftir fulltrúum frá öllum deildum í þessar nefndir.

8. Önnur mál

- A. Hringbraut 108 er komið yfir á nafn Keflavíkur íþróttu- og ungmennafélags. Aðalstjórn fagnar þessu.
- B. Framkvæmdastjóri er að vinna í því að skila inn skattaframtölum félagsins og deilda.
- C. Framkvæmdastjóri er að vinna í því að skila inn tilkynningum um raunverulegan eiganda félagsins, deilda og ráða ásamt tilkynningu um stjórn og prókúru félagsins, deilda og ráða.
- D. Ákveðið var að boða til formanna- og gjaldkerafundar mánudaginn 16. mars kl. 18:00.
- E. Ákveðið var að boða formenn og gjaldkera knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar á fund aðalstjórnar.
- F. Umræða um lóðarleigu á Heiðarenda. Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi. Lóðarleiga er 2% af lóðarmati. Gefinn er 25% afsláttur.
- G. Birgir sagði frá því að hann og Eva hittu Davíð Óskarsson og ræddu við hann um myndbandsupptöku sem ætti að hvetja börn til þátttöku í íþróttum. Sérstök áhersla væri á börn af erlendum uppruna. Samþykkt var að vinna þetta áfram.
- H. Umræða um Nettómót sem verður 6. – 8. mars. Aðalstjórn hvetur alla til að mæta.
- I. Ákveðið var að fundatími aðalstjórnar væri annan hvern fimmtudag kl. 18:00.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 12. mars 2020.

Fundi slitið kl. 20:25. Fundinn ritaði Eva Björk